

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Húnavatnshrepps vegna Sveinsstaða og Húnavalla.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 24. maí 2018 breytingu á aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022, sem samþykkt var í sveitarstjórn 18. október 2017.

Í breytingunni felst að efnistökusvæðum er fjölgað og nýtt verslunar- og þjónustusvæði og svæði fyrir frístundabyggð er afmarkað í landi Sveinsstaða. Þá er nýtt athafnasvæði afmarkað á Húnavöllum þar sem þéttbýlismörkum er jafnframt breytt.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 24. maí 2018.*

**Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.**

*Ottó Björgvin Óskarsson.*

—————  
B-deild – Útgáfud.: 8. júní 2018